

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag lóðarinnar Sigtún 1 á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 3. september 2009 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar Sigtún 1 á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg. Út úr lóðinni Sigtún 1 verður stofnuð ný lóð Sigtún 1b.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:500 í júlí 2009 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 10. september til og með 8. október 2009 með athugasemdafresti til og með 23. október 2009.

Uppdráttur og greinargerð vegna tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 23. nóvember 2009.

Bárður Guðmundsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.

B-deild – Útgáfud.: 7. desember 2009